

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48.–52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

LÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 71. gr. laganna.

a. 1. mgr. orðist svo:

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðast svo:

Börn yngri en 6 ára skulu nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað. Bannað er að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

c. Við 4. mgr. greinarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi: Sama gildir um farþega í aftursæti leigubifreiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1990.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.